
I	EES-STOFNANIR	
1.	Sameiginlega EES-nefndin	
II	EFTA-STOFNANIR	
1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
3.	EFTA-dómstóllinn	
III	ESB-STOFNANIR	
1.	Framkvæmdastjórnin	
2018/EES/61/01	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.8236 – Vossloh Rail Services/ Rhomberg Sersa Rail Holding/Rhomberg Sersa Vossloh (JV)) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	1
2018/EES/61/02	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.8828 – Gauselmann/ NOVOMATIC/Spielbank Bad Neuenahr/Spielbank Mainz JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	2
2018/EES/61/03	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.8842 – Tele2/Com Hem Holding)	3
2018/EES/61/04	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.8952 – STEAG/Siemens/ JV STEAG GuD)	4
2018/EES/61/05	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.8960 – Adient/Boeing/ JV (Aircraft seats))	5
2018/EES/61/06	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.8977 – Lone Star Funds/Imerys TC) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	6
2018/EES/61/07	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.8991 – Alphabet/ResMed/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	7
2018/EES/61/08	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.8995 – MAGNA/OLSA) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	8

2018/EES/61/09	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9017 – SK Capital Partners/ Schenectady International Group)	9
2018/EES/61/10	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9052 – Kirin/Mitsui/Thorne) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	10
2018/EES/61/11	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9063 – Synnex/Convergys) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	11
2018/EES/61/12	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9080 – CEFC/Rockaway Capital/European Bridge Travel (II)) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	12
2018/EES/61/13	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9111 – Bregal Unternehmer- kapital/Trendtours Touristik) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	13
2018/EES/61/14	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9114 – KKR/TPG Asia/KMK/ Square Peg/PropertyGuru) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	14
2018/EES/61/15	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.8862 – GBT/HRG)	15
2018/EES/61/16	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.8908 – AXA/XL Group)	15
2018/EES/61/17	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.8976 – Hisense/Gorenje)	16
2018/EES/61/18	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9000 – Bain Capital/Reifen Krieg Group)	16
2018/EES/61/19	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9004 – SL04/Ambienta Sgr/JV)	17
2018/EES/61/20	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9043 – ZF/Magura/BFO/BMZ/JV)	17
2018/EES/61/21	Ágrip af ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 21. febrúar 2018 um málarekstur skv. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og 53. gr. EES-samningsins (mál AT.40009 – Bílaflutningaskip)	18
2018/EES/61/22	Kynningatilkynning framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu – Almannaþjónustukvaðir sem lagðar eru á í tengslum við áætlunarflug	19
2018/EES/61/23	Kynningatilkynning framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu – Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug	19
2018/EES/61/24	Kynningatilkynning framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu – Breytingar á almannaþjónustukvöðum í tengslum við áætlunarflug	20
2018/EES/61/25	Kynningatilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaþjónustukvaðir	20

2018/EES/61/26	Auglýst eftir tillögum og tengdri starfsemi samkvæmt ERC-starfsáætluninni 2019 sem heyrir undir Horizon 2020 – rammaáætlun um rannsóknir og nýsköpun (2014–2020)	21
2018/EES/61/27	Yfirlit um ákvarðanir Evrópusambandsins um markaðsleyfi fyrir lyfjum	22

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2018/EES/61/01

(mál M.8236 – Vossloh Rail Services/Rhomberg Sersa Rail Holding/
Rhomberg Sersa Vossloh (JV))

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 30. ágúst 2018 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Vossloh, AG („Vossloh“, Þýskalandi),
- Rhomberg Sersa Rail Holding, GmbH („Rhomberg Sersa“, Austurríki),
- Rhomberg Sersa Vossloh, GmbH („RSV“, Þýskalandi).

Vossloh, fyrir tilstuðlan dótturfyrirtækis síns Vossloh Rail Services GmbH (Þýskalandi) sem er alfarið í eigu þess, og Rhomberg Sersa ná í sameiningu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar og 4. mgr. 3. gr. sömu gerðar, yfir RSV. Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Vossloh: framleiðir járnbrautargrunnvirki og -tæknilausnir svo og festingarkerfi fyrir járnbrautarteina, sporskiptikerfi og merkjakerfi, þ.m.t. veiting tilheyrandi þjónustu.
- Rhomberg Sersa: veitir allsherjarþjónustu á sviði járnbrautartækni, -smíði og -búnaðar, smíði járnbrautarteina, endurnýjunar og viðhalds, orkugjafa fyrir járnbrautir, fjarskiptatækni sem og veiting tilheyrandi þjónustu.
- RSV: veitir skoðunar- og viðhaldsþjónustu í tengslum við sporskipti iðnaðarjárnbrauta og svæðisbundinna járnbrauta.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 322, 12.9.2018). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.8236 – Vossloh Rail Services/Rhomberg Sersa Rail Holding/Rhomberg Sersa Vossloh (JV)

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**2018/EES/61/02****(mál M.8828 – Gauselmann/NOVOMATIC/Spielbank Bad Neuenahr/
Spielbank Mainz JV)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 7. september 2018 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Gauselmann Spielbanken Beteiligungs GmbH („Gauselmann“, Þýskalandi),
- NOVOMATIC Spielbanken Holding Deutschland GmbH („NOVOMATIC“, Þýskalandi),
- Spielbank Bad Neuenahr GmbH & Co. KG („Spielbank Bad Neuenahr“, Þýskalandi),
- Spielbank Mainz GmbH & Co. KG og Spielbank Mainz Beteiligungsgesellschaft mbH (einu nafni „Spielbank Mainz“, Þýskalandi).

Gauselmann, NOVOMATIC og Spielbank Bad Neuenahr ná í sameiningu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar og 4. mgr. 3. gr. sömu gerðar, yfir Spielbank Mainz með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Gauselmann: hluti af Gauselmann-samstæðunni. Gauselmann-samstæðan þróar og framleiðir leikjabúnað fyrir spilavíti og leiktækjasali svo og tilheyrandi leiki, leikjahugbúnað og leikjakerfi. Samstæðan starfrækir einnig spilavíti og leiktækjasali innan og utan Þýskalands. Hún starfar einnig á sviði íþróttaveðmála og netveðmála. Höfuðstöðvar Gauselmann-samstæðunnar eru í Espelkamp í Þýskalandi.
- NOVOMATIC: hluti af Novomatic-samstæðunni, alþjóðlegur söluaðili leikjatekni með höfuðstöðvar í Gumpoldskirchen í Austurríki. Novomatic-samstæðan framleiðir og selur leikjatekni og leikjabúnað ásamt því að reka fyrirtæki á sviði leikjastarfsemi og veðmála.
- Spielbank Bad Neuenahr: rekur þrjú spilavíti í Rínarland-Pfalz sem eru staðsett í Bad Neuenahr-Ahrweiler, Bad Dürkheim og Nürburg. Á öllum þremur stöðunum býður Spielbank Bad Neuenahr upp á borðspil (t.d. rúllettu, Black Jack og póker) svo og spilakassa. Þar að auki rekur Spielbank Bad Neuenahr þrjú spilavíti í eigu Spielbank Mainz í samvinnu við NOVOMATIC.
- Spielbank Mainz: rekur þrjú spilavíti í Bad Ems, Mainz og Trier. Á öllum þremur stöðunum býður Spielbank Bad Neuenahr upp á borðspil (t.d. rúllettu, Black Jack og Baccara) svo og spilakassa.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjútíð. ESB (C 325, 14.9.2018). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.8828 – Gauselmann/NOVOMATIC/Spielbank Bad Neuenahr/Spielbank Mainz JV

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjútíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.8842 – Tele2/Com Hem Holding)

2018/EES/61/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. september 2018 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Kinnevik AB („Kinnevik“, Svíþjóð),
- Tele2 AB („Tele2“), sem er undir yfirráðum Kinnevik,
- Com Hem Holding AB („Com Hem Holding“, Svíþjóð).

Tele2 nær alfarið yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Com Hem Holding í heild.

Samruninn á sér stað með lögboðnum samruna.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Kinnevik: framtakssjóður sem fjárfestir í ýmsum félögum sem starfa aðallega á sviði fjarskiptaþjónustu, rafrænnar viðskiptaþjónustu sem og afþreyingar- og fjármálaþjónustu.
- Tele2: veitir fastlínu- og farsímafjarskiptaþjónustu í Svíþjóð.
- Com Hem Holding: veitir fastlínufjarskiptaþjónustu og sjónvarpsþjónustu á smásölustigi í Svíþjóð.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 321, 11.9.2018). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.8842 – Tele2/Com Hem Holding

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.8952 – STEAG/Siemens/JV STEAG GuD)

2018/EES/61/04

1. Framkvæmdastjórninni barst 30. ágúst 2018 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Siemens Project Ventures GmbH („Siemens“, Þýskalandi), sem er hluti af Siemens-samstæðunni (Þýskalandi),
- STEAG Beteiligungsgesellschaft mbH („STEAG“, Þýskalandi),
- STEAG GuD Herne, sameiginlegt félag („JV“, Þýskalandi).

Siemens og STEAG ná í sameiningu yfirláðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar og 4. mgr. 3. gr. sömu gerðar, yfir sameiginlega félaginu (JV). Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum þar sem Siemens öðlast 50% af hlutafé og atkvæðarétt í sameiginlega félaginu frá núverandi einkaeiganda þess, STEAG.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- STEAG: alþjóðlegt orkuveitufyrirtæki sem starfar á sviði framleiðslu og afhendingar raforku og fjarhitunar svo og uppbyggingar verkefna, smíði og starfrækslu orkuvera og tengdrar tækniþjónustu.
- Siemens: alþjóðleg tæknisamstæða með áherslu á rafvæðingu, sjálfvirkni og stafræna tækni, einkum varðandi orkuframleiðslu og -dreifingu og nýtingu hennar innan læknisfræði, innviða og iðnaðar.
- JV: mun reisa og reka gas- og gufuhverflaorkuver í Herne (Þýskalandi) og markaðssetja framleidda raf- og varmaorku.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjútíð. ESB (C 315, 7.9.2018). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.8952 – STEAG/Siemens/JV STEAG GUD

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.8960 – Adient/Boeing/JV (Aircraft seats))**

2018/EES/61/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 31. ágúst 2018 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Adient US LLC, sem er undir yfirráðum Adient plc („Adient“, Bandaríkjunum),
- The Boeing Company („Boeing“, Bandaríkjunum),
- Adient Aerospace, LLC (Bandaríkjunum).

Adient US LLC og Boeing ná í sameiningu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar og 4. mgr. 3. gr. sömu gerðar, yfir Adient Aerospace, LLC.

Samruninn á sér stað með hlutabréfakaupum í nýstofnuðu fyrirtæki sem er sameiginlegt félag.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Adient: hönnun, framleiðsla og markaðssetning margs konar sætakerfa og sætafluta fyrir fólksbifreiðar, atvinnuökutæki og léttar flutningabifreiðar.
- Boeing: hönnun, framleiðsla og sala á farþegaþotum til áætlunarflugs sem og varnar-, geim- og öryggiskerfum á heimsvísu.
- Adient Aerospace, LLC: hönnun, þróun, framleiðsla og sala á sætum í loffför.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjútíð. ESB (C 322, 12.9.2018). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.8960 – Adient/Boeing/JV (Aircraft seats)

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**2018/EES/61/06****(mál M.8977 – Lone Star Funds/Imerys TC)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 30. ágúst 2018 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- LSF10 Impala Investments S.a.r.l. (Lúxemborg), sem er undir yfirráðum Lone Star Fund X (Bandaríkjunum) (einu nafni „Lone Star Funds“),
- Imerys TC, félag í einfölduðu formi („Imerys“, Frakklandi), sem er undir yfirráðum Imerys S.A. (Frakklandi).

Lone Star Funds nær yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Imerys í heild. Samruninn á sér stað með kaupum á eignum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Lone Star: framtakssjóður sem fjárfestir í fasteignum, hlutafé, lánnum og öðrum fjármunaeignum um allan heim.
- Imerys: hannar og dreifir þakklæðningu, þ.e. þaksteini úr leir og terracotta, ljósspennulausnum, varmaeinangrun og aukahlutum, til einstaklinga, fagaðila og byggingafyrirtækja, nánast eingöngu innan Frakklands.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 322, 12.9.2018). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.8977 – Lone Star Funds/Imerys TC

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**2018/EES/61/07****(mál M.8991 – Alphabet/ResMed/JV)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 4. september 2018 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Verily Life Sciences LLC („Verily“, Bandaríkjunum), sem tilheyrir Alphabet Inc. („Alphabet“, Bandaríkjunum),
- ResMed Inc. („ResMed“, Bandaríkjunum).

ResMed og Verily ná í sameiningu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar og 4. mgr. 3. gr. sömu gerðar, yfir nýstofnuðu sameiginlegu félagi, sem mun vinna að rannsóknum á heilsufarslegum og fjárhagslegum afleiðingum kæfisvefns, sem hefur hvorki verið greindur né meðhöndlaður, og annarra svefnjúkdóma sem tengjast öndun, og þróa hugbúnaðarlausnir sem gera heilbrigðisstarfsfólki kleift að bera kennsl á, greina, meðhöndla og stýra meðferð einstaklinga með kæfisvefn og aðra svefnjúkdóma sem tengjast öndun.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Verily: rannsóknarstofnun, áður Google Life Sciences. Google er stærsta fyrirtækið sem er undir yfirráðum Alphabet.
- ResMed: þróun, framleiðsla, dreifing og markaðssetning lækningatækja og hugbúnaðar sem byggist á tölvuskýi sem notuð eru til að greina, meðhöndla og stýra meðferð einstaklinga með öndunarsjúkdóma og aðra ólæknandi sjúkdóma.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjútíð. ESB (C 321, 11.9.2018). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.8991 – Alphabet/ResMed/JV

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjútíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**2018/EES/61/08****(mál M.8995 – MAGNA/OLSA)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 4. september 2018 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Magna Closures S.p.A. („MAGNA“, Ítalíu),
- Olsa S.p.A. („OLSA“, Ítalíu).

MAGNA nær alfarið yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir OLSA í heild.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- MAGNA: söluaðili bifreiða sem framleiðir og selur ýmiss konar kerfi, samsetningar, einingar og íhluti fyrir bifreiðar, aðallega fólksbifreiðar og létt atvinnuökutæki.
- OLSA: söluaðili bifreiða sem framleiðir og selur ljósabúnað fyrir fólksbifreiðar og létt atvinnuökutæki.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 321, 11.9.2018). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.8995 – MAGNA/OLSA

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.9017 – SK Capital Partners/Schenectady International Group)

2018/EES/61/09

1. Framkvæmdastjórninni barst 6. september 2018 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- SK Capital Partners, LP („SK Capital“, Bandaríkjunum),
- Addivant USA Holdings Corp. („Addivant“, Bandaríkjunum), sem er undir yfirráðum SK Capital,
- Schenectady International Group, Inc. („SI Group“, Bandaríkjunum).

SK Capital, fyrir tilstuðlan Addivant, nær alfarið yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir SI Group.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- SK Capital: fjárfestingarfyrirtæki í einkageiranum með áherslu á sérnotaefni, iðefni og lyf.
- Addivant: alþjóðlegur söluaðili sérnotaaukefna, þ.m.t. andoxunarefni og milliefni sem eru notuð til að bæta framleiðslu plast- og gúmmiefna og efnislega eiginleika þeirra.
- SI Group: framleiðandi og söluaðili í einkageiranum sem framleiðir og selur um allan heim milliíðefni og aukefni sem bæta efnislega eiginleika.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjútíð. ESB (C 325, 14.9.2018). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9017 – SK Capital Partners/Schenectady International Group

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**2018/EES/61/10****(mál M.9052 – Kirin/Mitsui/Thorne)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 31. ágúst 2018 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Kirin Holdings Company, Limited („Kirin“, Japan),
- Mitsui & Co., Ltd („Mitsui“, Japan),
- Thorne Holding Corporation („Thorne“, Bandaríkjunum), sem er undir yfirráðum West View Capital Partners og Tudor Venture Partners.

Kirin og Mitsui ná í sameiningu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Thorne í heild. Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Kirin: starfar innan lyfja- og líftækniðnaðarins og sem framleiðandi drykkjarvara.
- Mitsui: viðskiptafyrirtæki sem stundar viðskipti víða um heim, þ.m.t. sala, dreifing, kaup, markaðssetning og dreifing vara innan ýmissa atvinnugreina, t.d. járn, stál, kol og málmvörur sem innihalda ekki járn, vélbúnaður, rafeindavörur, íðefni og orkutengdar hrávörur.
- Thorne: þróar, framleiðir og selur hágæða fæðubótarefni, aðallega til þeirra sem veita heilbrigðisþjónustu í Bandaríkjunum. Thorne selur einnig fæðubótarefni fyrir dýr og sjálfsgreiningarpróf til nota í heimahúsum til að greina ýmiss konar heilbrigðisvanda.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 315, 7.9.2018). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9052 – Kirin/Mitsui/Thorne

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**2018/EES/61/11****(mál M.9063 – Synnex/Convergys)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 7. september 2018 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Synnex Corporation („Synnex“, Bandaríkjunum),
- Convergys Corporation („Convergys“, Bandaríkjunum).

Synnex nær alfarið yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Convergys í heild.

Samruninn á sér stað með tveggja þrepa samrunaferli sem leiðir til stofnunar „Concentrix CVG Corporation“, sem er dótturfyrirtæki alfarið í eigu SYNnex sem mun taka til starfsemi Convergys. Samruninn hefur í för með sér að Convergys verður ekki lengur hlutafélag.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Synnex: veitir fyrirtækjum rekstrarþjónustu sem aðstoðar viðskiptavini og fyrirtækjaeigendur að þróa sig frekar og bæta aðferðir varðandi þátttöku fastra viðskiptavina í fyrirtækinu.
- Convergys: veitir fyrirtækjum útivistunarþjónustu í tengslum við samskipti við viðskiptavini, þ.m.t. með því að koma á fót og starfrækja „miðstöðvar fyrir viðskiptavini“.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 325, 14.9.2018). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9063 – Synnex/Convergys

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.9080 – CEFC/Rockaway Capital/European Bridge Travel (II))
Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

2018/EES/61/12

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. september 2018 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- CEFC Group (Evrópu) Company a.s. („CEFC“, Kína), sem er undir yfirráðum CITIC-samstæðunnar,
- Rockaway Capital SE („Rockaway“, Tékklandi).

CEFC og Rockaway ná í sameiningu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar og 4. mgr. 3. gr. sömu gerðar, yfir European Bridge Travel a.s. („JV“) sem er, sem stendur, undir yfirráðum Rockaway.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- CEFC: starfar á sviði málmvinnslu, verkfræði, hótelpjónustu, útleigu fasteigna (skrifstofu- og verslunarhúsnæðis) ásamt því að starfrækja íþróttafélag (fótboltafélag).
- Rockaway: fjárfestir í starfandi félögum og sprotafyrirtækjum í tæknigeiranum, þ.m.t. rafrænum viðskiptum.
- JV: eignarhaldsfélag sem stýrir með óbeinum hætti öðrum félögum sem starfa innan ferðapjónustu, einkum í tengslum við sölu ferða til þriðju aðila og netsölu flugmiða.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjútíð. ESB (C 318, 10.9.2018). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9080 – CEFC/Rockaway Capital/European Bridge Travel (II)

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjútíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**2018/EES/61/13****(mál M.9111 – Bregal Unternehmerkapital/Trendtours Touristik)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 7. september 2018 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Bregal Unternehmerkapital II LP, („Bregal Unternehmerkapital“, Þýskalandi),
- Trendtours Touristik GmbH og systurfyrirtæki þess Bus und Service, Organisations- und Werbegesellschaft mbH (einu nafni „Trendtours Touristik“, Þýskalandi).

Bregal Unternehmerkapital nær alfarið yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Trendtours Touristik með því að kaupa allt hlutfé eignarhaldsfélags þess Dating, Datenerfassung und -verarbeitung, Gesellschaft mit beschränkter Haftung (Þýskalandi).

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Bregal Unternehmerkapital: fjárfestingarsjóður sem er alfarið undir yfirráðum COFRA Holding AG í Zug í Sviss.
- Trendtours Touristik: veitir ferðaskipuleggjendum tilheyrandi þjónustu.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 325, 14.9.2018). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9111 – Bregal Unternehmerkapital/Trendtours Touristik

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**2018/EES/61/14****(mál M.9114 – KKR/TPG Asia/KMK/Square Peg/PropertyGuru)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 5. september 2018 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- KKR & Co. Inc. („KKR“, Bandaríkjunum),
- TPG Asia VI SF Pte. Ltd. („TPG Asia“, Singapúr), sem tilheyrir TPG (Bandaríkjunum),
- PT Kreatif Media Karya („KMK“, Indónesíu), sem tilheyrir Emtek-samstæðunni (Indónesíu),
- Square Peg Capital Pty Ltd. („Square Peg“, Ástralíu) og
- PropertyGuru Pte. Ltd. („PropertyGuru“, Singapúr).

KKR, TPG Asia, KMK og Square Peg ná í sameiningu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar og 4. mgr. 3. gr. sömu gerðar, yfir PropertyGuru.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- KKR: fjárfestingarfyrirtæki með starfsemi víða um heim sem býður upp á margvíslega eignastýringarþjónustu við opinbera fjárfesta og einkafjárfesta og fjármagnsmarkaðslausnir fyrir fyrirtækið, fyrirtæki í eignasafni þess og viðskiptavinum.
- TPG Asia: hluti af TPG, sjálfstætt fjárfestingarfyrirtæki sem stýrir margs konar sjóðum sem fjárfesta í ýmsum fyrirtækjum með því að kaupa fyrirtæki og endurskipuleggja þau.
- KMK: viðvera Emtek-samstæðunnar á Netinu sem starfrækir þrjár sjónvarpsrásir sem eru almennt aðgengilegar, starfar á sviði framleiðslu sjónvarpsfarnis, starfrækir áskriftarsjónvarpsstöð og margvísleg fyrirtæki á sviði tæknilausna ásamt því að hafa áunnið sér viðveru á Netinu fyrir tilstuðlan dótturfyrirtækis síns KMK Online.
- Square Peg: alþjóðlegt áhættufjárfestingarfélag sem fjármagnar sprotafyrirtæki innan tæknigeirans.
- PropertyGuru: býður upp á netverkvanga fyrir einstaklinga eða fyrirtæki með hliðsjón af því að selja, kaupa, leigja eða annast kaupleigu fasteigna, aðallega í Singapúr, Malasíu, Indónesíu, Víetnam og Thaílandi.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtuð. ESB (C 322, 12.9.2018). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9114 – KKR/TPG Asia/KMK/Square Peg/PropertyGuru

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtuð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtuð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja**2018/EES/61/15****(mál M.8862 – GBT/HRG)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 13. júlí 2018 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32018M8862. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja**2018/EES/61/16****(mál M.8908 – AXA/XL Group)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 9. ágúst 2018 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32018M8908. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjótd. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.8976 – Hisense/Gorenje)

2018/EES/61/17

Framkvæmdastjórnin ákvað 6. ágúst 2018 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32018M8976. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.9000 – Bain Capital/Reifen Krieg Group)

2018/EES/61/18

Framkvæmdastjórnin ákvað 3. ágúst 2018 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32018M9000. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjótd. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.9004 – SL04/Ambienta Sgr/JV)

2018/EES/61/19

Framkvæmdastjórnin ákvað 9. ágúst 2018 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32018M9004. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.9043 – ZF/Magura/BFO/BMZ/JV)

2018/EES/61/20

Framkvæmdastjórnin ákvað 31. ágúst 2018 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á þýsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32018M9043. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjótd. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Ágrip af ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar**2018/EES/61/21****21. febrúar 2018****um málarekstur skv. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og 53. gr. EES-samningsins****(mál AT.40009 – Bílaflutningaskip)**

Hinn 21. febrúar 2018 samþykkti framkvæmdastjórnin ákvörðun um breytingu á ákvörðun um málarekstur skv. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og 53. gr. EES-samningsins. Í samræmi við ákvæði 30. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003 ⁽¹⁾, hefur framkvæmdastjórnin nú birt nöfn aðila og meginefni ákvörðunarinnar (Stjttð. ESB C 314, 6.9.2018, bls. 8), m.a. álagðar sektir, að teknu tilliti til lögmætra hagsmuna fyrirtækjanna af því að vernda viðskiptaleyndarmál sín.

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 1, 4.1. 2003, bls. 1.

Kynningatilkynning framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu

2018/EES/61/22

Almannaþjónustukvaðir sem lagðar eru á í tengslum við áætlunarflug

Aðildarríki	Portúgal
Flugleið	Bragança – Vila Real – Viseu – Cascais – Portimão – Cascais – Viseu – Vila Real – Bragança
Gildistökudagur almannaþjónustukvaða	Frá og með 23. desember 2018
Unnt er að nálgast textann, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða almannaþjónustukvaðirnar, með því að hafa samband við:	<p>Unnt er að nálgast öll skjöl á eftirfarandi vefsetri: http://www.saphety.com</p> <p>Nánari upplýsingar veitir:</p> <p>Ministry of Planning and Infrastructure Office of the Secretary of State for Infrastructure Av. Barbosa do Bocage n.º 5 – 2.º andar 1049-039 Lisboa PORTUGAL</p> <p>Netfang: gab.infraestruturas@mpi.gov.pt</p>

Kynningatilkynning framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu

2018/EES/61/23

Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug

Aðildarríki	Ítalía
Flugleiðir	Alghero – Róm Fiumicino (báðar leiðir) Alghero – Mílanó Linate (báðar leiðir) Cagliari – Róm Fiumicino (báðar leiðir) Cagliari – Mílanó Linate (báðar leiðir) Olbia – Róm Fiumicino (báðar leiðir) Olbia – Mílanó Linate (báðar leiðir)
Gildistökudagur almannaþjónustukvaða	1. apríl 2019
Unnt er að nálgast textann og hvers kyns viðkomandi upplýsingar og/eða skjöl sem varða almannaþjónustukvaðirnar með því að hafa samband við:	<p>Nánari upplýsingar veitir:</p> <p>Autonomous Region of Sardinia Department of Transport Directorate-General for Transport Service for Maritime and Air Transport and Territorial Continuity Via XXIX Novembre 1847, 27-41 09123 Cagliari ITALY</p> <p>Sími +39 0706067331 Bréfsími: +39 0706067309 Vefsetur: http://www.regione.sardegna.it http://www.mit.gov.it</p> <p>Netfang: trasporti@pec.regione.sardegna.it trasporti@regione.sardegna.it trasp.osp@regione.sardegna.it</p>

Kynningatilkynning framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu

2018/EES/61/24

Breytingar á almannaþjónustukvöðum í tengslum við áætlunarflug

Aðildarríki	Bretland
Flugleið	Oban – Coll Oban – Colonsay Oban – Tiree Coll – Tiree
Upphaflegur gildistökdagur almannaðjónustukvaða	2. mars 2007
Gildistökdagur breytinga	16. maí 2019
Unnt er að nálgast textann, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða almannaðjónustukvaðirnar, með því að hafa samband við:	Unnt er að nálgast öll skjöl á eftirfarandi vefsetri: http://www.publiccontractsscotland.gov.uk Nánari upplýsingar veitir: Argyll and Bute Council Council Offices Kilmory Lochgiphead Argyll and Bute Council PA31 8RT Scotland UNITED KINGDOM Sími: +44 1546604239 Hafið samband við: Christine Todd Netfang: Christine.Todd@argyll-bute.gov.uk

Kynningatilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flughjónustu í Bandalaginu

2018/EES/61/25

Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaðjónustukvaðir

Aðildarríki	Bretland
Flugleið	Oban – Coll Oban – Colonsay Oban – Tiree Coll – Tiree
Samningstími	16. maí 2019 – 15. maí 2022
Umsóknarfrestur og frestur til að skila tilboðum	19. nóvember 2018
Unnt er að nálgast texta útboðsauglýsingarinnar, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða opinbera útboðið og almannaðjónustukvaðirnar, með því að hafa samband við:	Unnt er að nálgast öll skjöl á eftirfarandi vefsetri: http://www.publiccontractsscotland.gov.uk Nánari upplýsingar veitir: Argyll and Bute Council Council Offices Kilmory Lochgiphead Argyll and Bute Council PA31 8RT Scotland UNITED KINGDOM Sími: +44 1546604239 Hafið samband við: Christine Todd Netfang: Christine.Todd@argyll-bute.gov.uk

**Auglýst eftir tillögum og tengdri starfsemi samkvæmt ERC-starfsáætluninni 2019 sem 2018/EES/61/26
heyrir undir Horizon 2020 – rammaáætlun um rannsóknir og nýsköpun (2014–2020)**

Athygli er vakin á auglýsingu eftir tillögum og tengdri starfsemi samkvæmt ERC-starfsáætluninni 2019 sem heyrir undir Horizon 2020 – rammaáætlun um rannsóknir og nýsköpun (2014–2020).

Framkvæmdastjórnin samþykkti ERC-starfsáætlunina 2019 (http://ec.europa.eu/research/participants/data/ref/h2020/wp/2018-2020/erc/h2020-wp19-erc_en.pdf) með ákvörðun C(2018) 5200 frá 6. september 2018.

Auglýst er eftir tillögum vegna eftirfarandi: ERC-starfsáætlunin 2019, m.a. umsóknarfrestur og fjárveitingar til starfsemi, er aðgengileg á vefsetri þátttakenda, ásamt upplýsingum um tilhögun umsóknarlotunnar og tengda starfsemi og upplýsingar fyrir umsækjendur um hvernig eigi að senda inn tillögur:

<http://ec.europa.eu/research/participants/portal/desktop/en/home.html>

Yfirlit um ákvarðanir Evrópusambandsins um markaðsleyfi fyrir lyfjum**2018/EES/61/27**

Birt hefur verið í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* yfirlit um ákvarðanir um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem teknar voru frá 1. júlí til 31. júlí 2018, sjá Stjttíð. ESB [C 309, 31.8.2018](#), bls. 1.